



## BHE3B01

Námsáætlun, vorönn 2021

**Kennari/kennarar:**

Ásgeir Þorsteinsson  
Ingvar Birnir Grétarsson

**Netfang/netföng:**

[asgeir.thorsteinsson@borgo.is](mailto:asgeir.thorsteinsson@borgo.is)  
[ingvar.gretarsson@borgo.is](mailto:ingvar.gretarsson@borgo.is)

**Lýsing:**

Fjallað er um virkni, skoðun, stillingu og prófun framleiðsluhluta lofthemlakerfa. Farið er yfir stöðu- og neyðarhemlakerfi og hvernig þau eru skoðuð og prófuð. Farið er yfir gerð og virkni hjólhemla, m.a. læsivörn og þeir skoðaðir og stilltir. Þjálfuð er tækni við viðgerðir hjólhemla. Enn fremur leit að loftlekum í leiðslukerfi og viðgerðir á þeim. Kynnt eru hemlakerfi eftirvagna, farið yfir hjálparhemlakerfi, þ.e. drifskafthemla, útblásturshemla og ýtihemla eftirvagna og æfð prófun hemla ökutækja í hemlaprófara. Áhersla er lögð á slyshættu við viðgerðir þrýstiloftshemlakerfa og ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

**Þekkingarviðmið;**

nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu gerðum þrýstiloftshemlakerfa og íhluti þeirra
- hjálparhemlum: drifskafthemlum, útblásturshemlum og ýtihemlum eftirvagna
- slyshættum við viðgerðir þrýstiloftshemlakerfa
- ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis

**Hæfniviðmið;**

nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lýsa virkni þrýstiloftshemlakerfa og helstu hluta þeirra
- skoða og prófa hemlakerfi

**Leikniviðmið;**

nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sinna algengum viðgerðum þessara hemlakerfa
- sinna reglubundnu viðhaldi þrýstiloftshemla



**Námsmat:**

**Verklegt mat;** nemendur vinna verkefni við skoðun og þjónustu hemlakerfis vörubíls og skoða virkni hemlakerfis með hemlahermi. 40%

**Skriflegt mat;** nemendur vinnar verkefni í Electude og svara þar spurningum úr öllum köflum sem farið er yfir. 50%. Klára verður að lámarki 95% verkefna / prófa

Virgni og þátttaka 10%

Nauðsynlegt er að ná 50% árangri í verk- og skriflegu mati!

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphafi hvers kennsludags og hverrar kennslustundar. Nemendum sem mæta ítrekað of seint (tvo morgna eða ítrekað eftir hlé; hámark tvö skipti) í kennslustundir verður vísað úr lotunni. Fjarvist umfram einn dag geta valdið því að nemandinn fái ekki lokið lotunni.

Vinnufatnaður; öryggisskór, vinnugalli eða sloppur eru skylda

Kennari áskilur sér rétt til að vísa nemanda sem er ekki í tilskyldum vinnufatnaði af vinnustað.

**Námsgögn:**

Morden Automotive Technology kafli 22.8.3

Volvo vörubifreið í eigu bíladeildar / viðgerðarbók

Lofthemlahermir

Electude gagnvirkur kennsluvefur



Vika	Dags.	Námsþættir
	1	Markmið lotunnar kynnt. Farið yfir virkni, stillingu og prófun lofthemla
	2 - 5	Vinna hefst við verkefni lotunnar og vinnu í Electude

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.